

Einföldun laga og reglugerða í Svíþjóð

Ákvörðun sænsku ríkisstjórnarinnar árið 1994

Óopinbert (þýtt)
1994-09-09

Tilskipan um kerfisbundna athugun Stjórnarráðsins á öllum lögum og reglugerðum á sviði viðskipta og atvinnulífs

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar

Ríkisstjórnin ákveður að fara skuli fram í Stjórnarráðinu kerfisbundin athugun á öllum lögum og reglugerðum á sviði viðskipta og atvinnulífs á fjögurra ára tímabili. Tilgangurinn er að beina athygli að nauðsynlegum endurbótum og annast þær.

Nákvæma lýsingu kerfisins er að finna í fylgiskjali. Í því er starfsáætlun, sem lýsir á hvern hátt sérhvert ráðuneyti mun framkvæma á sínu sviði.

Ríkisstjórnin heimilar sérhverjum ráðherra að fela stjórnvöldum þátttöku í gerð skráa samkvæmt 14. lið fylgiskjalsins og koma á fót prófnefndum fulltrúa viðskiptalífsins.

Baksvið

Hinn 18. maí 1994 lagði endurskoðunarnefndin (Deregulation Committee), sem ríkisstjórnin skipaði, fram skýrslu um endurskoðun vegna vaxtar og atvinnuaukningar. Í skýrslunni eru gerðar tillögur um nokkrar mismunandi aðgerðir til að renna stoðum undir endurskoðun á mikilsverðum sviðum atvinnulífsins.

Samkvæmt helstu tillögum nefndarinnar ætti að færa út svið núverandi endurskoðunaráætlunar ríkisstjórnarinnar með kerfisbundnum úrbótum allra laga og reglugerða varðandi viðskipti og atvinnulíf. Tilgangur úrbótanna er að einfalda, breyta og afnema mismunandi lög og reglugerðir og setja aðrar í þeirra stað ef lögin og reglugerðirnar leiða af sér mikinn kostnað eða önnur vandamál sem draga úr virkni markaðarins.

Í opinberri skýrslu til þingsins um endurskoðunarstarfsemi ríkisstjórnarinnar frá því í september 1991 þar til í septembar 1994, er lýst ætlun ríkisstjórnarinnar að koma á fót kerfi samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndarinnar.

Ástæðan fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar

Ríkisstjórnin telur mikilsvert að framkvæma úrbætur á öllum lögum og reglugerðum á sviði viðskipta og atvinnulífs samkvæmt grundvallarreglum tillagna endurskoðunarnefndarinnar. Mikilsvert skref í þessa átt er að bæta upplýsingastreymið úr viðskiptalífnum varðandi vandamál, sem lög og reglugerðir skapa. Úrbótakerfið mun leggja lið við að skapa bestu fánleg skilyrði fyrir virkan markaðsbúskap. Það mun efla vöxt, auka atvinnu, tekjur og velferð.

FYLGISKJAL

Kerfisbundnar úrbætur Stjórnarráðsins varðandi lög og reglugerðir á sviði viðskipta og atvinnulífs.

Tilgangur og almenn hönnun kerfisins

1. Sérhvert ráðuneyti mun framkvæma úrbætur er varða lög og reglugerðir á sviði viðskipta og atvinnulífs á sínu sviði til að vekja athygli á þörf á endurbótum og annast þær. Starfsemin nær til áhrifa laga og reglugerða á markaðsskilvirkni. Úrbætur verði gerðar til að bæta upplýsingastreymi úr viðskiptalífinu varðandi markaðsvandamál sem orsakast vegna laga og reglna, svo og til að finna galla á markaðnum.

2. Tilgangurinn með kerfinu er að bæta skilyrði fyrir viðskiptalífið og draga úr kostnaði vegna tapresturs, sem óþarfur lög og reglugerðir orsaka. Aðgerðir í þessa átt eru framkvæmdar til að draga úr kostnaði neytenda og atvinnulífsins í heild.

3. Sérhvert ráðuneyti mun gera úrbætur á fjögurra ára tímabili og athuga öll lög, reglur og fyrirmæli og aðrar reglugerðir, sem máli skipta. Samhæfa ber úrbæturnar öðrum endurbótum á hverju sviði um sig.

Hugtökin viðskipti, viðskipta lög og reglugerðir og markaðsvirkni

4. Hugtakið viðskipti/atvinnustarfsemi þýðir maður eða lögpersóna sem rekur fyrirtæki. Sum fyrirtæki starfa samkvæmt opinberum heimildum. Þetta felur einnig í sér landssamtök fyrirtækja

5. Hugtakið viðskiptalög og -reglur tákna regluramma, sem hefur dæmigerð og áþreifanleg áhrif á hegðun fyrirtækja eða hvatir til að reka fyrirtæki. Einnig tákna það markaðsvirkni og önnur viðskiptaskilyrði. Hugtakið þýðir t.d. ýmsar tegundir markaðsstýringar, skattalagning á rekstur, opinber framleiðsla án samkeppni, vinnumálalöggjöf og umhverfismálalöggjöf. Einnig er innifalin viðskiptalöggjöf varðandi heilsugæslu, svo fremi sem hún teljist ekki beinlínis lækningastörf um hæfni eða eiginleika til að vernda líf eða heilsu.

6. Hugtakið markaðsvirkni tákna virkni úthlutunar auðlinda og framleiðslu varnings og veitta þjónustu frá sjónarhól neytendanna og atvinnulífsins í heild.

7. Sérhvert ráðuneyti ber ábyrgð á starfi sínu innan eigin verkahringis. Núverandi almennu starfi við endurskoðun regluumhverfis verður haldið áfram eins og venjulega í Stjórnarráðinu og ráðuneytunum. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið mun samhæfa verkið og aðstoða við það í kerfinu þannig að reynsla innan hinna ýmsu ráðuneyta nýtist og breiðist út. Samhæfingin mun byggjast á samráði varðandi val, sem lýst er í 14., 15., 16. og 19. lið. Ábyrgð stjórnvalda á að annast almennar úrbætur samkvæmt fyrirmælum þessum. Raunverulegur árangur mun gera nýja endurbótakerfið áhrifaríkara.

Markmið

8. Kerfið beinist að almennum úrbótum laga- og regluumhverfis, svo og greiningu þeirra og afleiðinganna, sem áþreifanlegar eru á markaðnum. Í síðara tilfallinu verður innifalin rækileg athugun á áhrifum laga og reglna á markaðinn og fyrirtækin. Athuginin á almennri og sértækri greiningu mun ná sérstaklega til eftirfarandi þátta:

- Að skýra til hvers ábyrgð ríkisstjórnar nær.
- Að finna bestu og ódýrustu leiðina til að stjórna, svo sem stjórnunaraðgerðir, sem byggjast á upplýsingum, yfirstjórn og hagstjórn.
- Að athuga sérstaklega stöðu lífilla og miðlungsstórra fyrirtækja.
- Að byggja upp skýrt löggjafarkerfi.
- Að gera lög og reglugerðir einfaldar, skýrar og auðveldar í athugun.
- Að forðast óþarflega smámunaleg lög og reglugerðir.
- Að athuga hvort lög og reglugerðir hafi með tímanum orðið rangar, ónauðsynlegar, úreltar, kostnaðarsamar, óvirkar eða óviðeigandi, t.d. vegna þess að markaðsástandið hefur breyst síðan viðkomandi lög og reglugerðir voru settar.
- Að beina athygli að almennum áhrifum laga og reglugerða á markaðsvirkni og ef nauðsyn krefur, að athuga það mál vandlega með því að framkvæma afleiðingagreiningu á markaðnum.

- Að gæta sérstaklega að möguleikanum á að nota önnur stjórnkerfi, t.d. aðgerðaparfir, hagstýringu eins og gjaldtöku og upplýsingar.
- Að athuga kostnaðarvirgni laga og reglugerða.
- Að huga að endurskoðun og lausnum hins frjálsa markaðar.

Þáttaka athugunarhópa og prófunarnefnda

9. Kvaddir verða saman sérstakir athugunarhópar og prófunarnefndir ásamt fulltrúum viðskiptalífsins til að bæta upplýsingastreymið til ríkisstjórnarinnar. Þessir aðilar munu láta í ljós skoðanir um virkni laga og reglugerðakerfa og taka þátt í umræðum milli hinna ýmsu ráðuneyta. Athugunarhóparnir og prófunarnefndirnar verða eingöngu ráðgefandi og verða leystar upp þegar verki þeirra er lokið.

10. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um að kveðja athugunarhópana til starfa að fenginni tillögu iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Hóparnir munu koma með tillögur að endurbótum er varðar öll lög og reglugerðir á sérhverju sviði atvinnulífsins. Þeir munu athuga og greina vandamál, sem stofna til mikils kostnaðar eða hindra markaðsvirkni. Hóparnir munu einnig bera upp tillögur við ríkisstjórnina varðandi æskilegar breytingar á lögum og reglugerðakerfinu. Við framhaldsstörfin veita athugunarhóparnir virka aðstoð.

11. Prófunarnefnd er sett á stofn og hana skipa fulltrúar lítila og miðlungsstórra fyrirtækja, sem starfa á markaði þar sem ætlað er að setja nýjar reglugerðir. Prófunarnefndin á að greina afleiðingarnar, sem gildandi eða ætluð reglugerðakerfi hafa á fyrirtækin. Hóparnir eiga að leitast við að skýra áhrif reglugerða á samkeppnishæfni og starfsumhverfi lítila fyrirtækja. Einnig ætti að athuga reglugerðakostnaðinn og hvernig komast má hjá honum eða lækka hann. Prófunarnefndin getur veitt aðstoð á síðari stigum starfseminnar.

Úrbæturnar munu nálgast vandamálið mjög

12. Úrbótakerfið beinist að því að koma á fót eðlilega skilgreindu laga og reglugerðakerfi, þar sem athugunar er þörf. Það þarfnast samþættingar kerfisins og almennrar starfsemi sérhvers ráðuneytis.

13. Beina má athygli að aðskildu laga og reglugerðakerfi þegar:

- a) Athugunarhópur eða prófunarnefnd leggur það til.
- b) Fyrirtæki eða aðrir hvetja til þess eða krefjast þess að ráðstafanir séu gerðar.
- c) Opinber rannsókn fer fram eða kynni að vinna með laga og reglugerðarkerfinu. Úrbót laga og reglugerða er þess vegna eðlilegur hluti starfsins.
- d) Laga og reglugerðakerfið er þegar hluti endurskoðunarstarfsins.
- e) Stjórnlagabreytingar fara fram á kerfinu og mögulegt er að auka starfið með nýjum úrbótum laga og reglugerða.
- f) Ráðuneyti ráðgeri ráðstafanir vegna hverskyns annarrar ástæðu, t.d. með því að taka upp Evrópusambandsstaðla.
- g) Úrbætur fara fram hjá stjórnvaldi innan ramma fjárlagagerðar eða vegna hverskyns annarrar ástæðu.

Starfshættir úrbótakerfis

14. Starfið hefst með því að sérhvert ráðuneyti athugar öll laga og reglugerðakerfi varðandi viðskipti og atvinnulíf. Athugunin varðar sérhvert svið um sig. Tilgangurinn er að mynda grundvöll fyrir úrbætur, sem kemur til framkvæmda á fjögurra ára tímabilinu.

15. Sérhvert ráðuneyti velur síðan reglugerðasvið til úrbóta á 1. ári samkvæmt lið 1. Samsvarandi val og úrbætur fara fram vegna 2., 3. og 4. árs. Upphafspátturinn beinist að því að dreifa aðgerðunum jafnt á fjögurra ára tímabilið. Ekkert er þó á móti því að framkvæma verkið hraðar.

16. Á hverju ári fjögurra ára tímabilsins mun sérhvert ráðuneyti fara yfir valin reglugerðasvið til að komast að raun um þörfina á úrbótum. Þar sem þörf verður ljós gerir ráðuneytið áætlun um starfið. Áætlunin felur í sér fyrirmæli um starfsemina, hvenær og hvar starfið fer fram og hver framkvæmir það. Ef ekki á að athuga úrbætur verður þess getið afdráttarlaust.

17. Ef ráðuneytið ákveður í sérstöku tilfelli að fela öðrum aðilum úrbætur reglugerða ber ráðuneytið áframhaldandi ábyrgð á starfinu og árangrinum. Sem dæmi um slíka aðgerð má nefna verkefni, sem falin eru stjórnvöldum, almennar fyrirsurnir, millinefndir ráðuneyta og verkefni falin óháðum ráðgjöfum.

Starfið getur verið fólgið í eftirfarandi þáttum:

- a) Að mynda grundvöll fyrir afleiðingagreiningu.

- b) Að framkvæma afleiðingagreiningu á sérstakan hátt, t.d. með því að nota skrár sem fyrir eru í kerfinu.
- c) Að athuga þörfina á laga og reglugerðaúrbotum á almennu sviði.
- d) Að greina þörfina fyrir sérstaka breytingu, hæfni hennar eða aðra eftirlitsaðferð.

18. Starfinu við væntanlegar laga- og reglugerðaúrþætur eru ekki sett nein tímamörk með því þau kunna að vera misjafnlega erfið viðureignar.

Viðtækari markaðsgreiningar

19. Við áætlunargerð á ári hverju verður bent á fjölda mikilsverðra sviða í efnahagslegum skilningi vegna sérstakra reglugerðagreininga. Ríkisstjórnin ákvarðar val slíkra sviða samkvæmt tillögum viðkomandi ráðherra.

Starfstól

20. Þegar eru fyrir hendi fyriræmi um vinnubrögð varðandi reglugerðaúrþætur, svo sem eftirlitsskrá ríkisstjórnarinnar, sem nefnist Eftirlit samkvæmt reglum ("The Control by Rules?"). Enn fremur eru fyrir hendi eftirlitsskrár á efnahagssviði og aðferðir/tæki úrbótanefndarinnar. Síðar má bæta við aðferðum/tækjum varðandi markaðsvirkni.

Nokkur ákveðin atriði á 1. ári

21. Eftirfarandi ákveðin atriði tilheyra úrbótakerfinu á 1. ári:

- Fyrir 1. janúar 1995 verður samin skrá sem lýsir raunverulegum sviðum laga og viðskiptareglugerða (14. liður).
- Fyrir 1. febrúar 1995 í upphafi 1. árs mun sérhvert ráðuneyti annast val laga og reglugerðasviðs vegna kerfisbundinna úrbóta (15. liður) og val sviða vegna sérstakra greininga (19. liður).
- Fyrir 1. júlí 1995 fer fram mikilvægur hluti úrbótanna (16. liður)
- Fyrir 1. október 1995 mun sérhvert ráðuneyti gefa skýrslu um ástandið.
- Fyrir 1. desember 1995 mun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti gefa ríkisstjórninni skýrslu um fengna reynslu og ástandið varðandi úrbótakerfið.

Framhaldsaðgerðir

22. Reynslan, sem fæst af úrbótakerfinu, mun koma á fót virkum leiðbeiningum vegna áframhaldandi starfa á komandi árum.